

1. fundur Stýrihóps fagráðs um starfsþróun kennara í MMR

14. maí 2013, kl. 16 – 17:30

Mætt: Sigurjón Mýrdal, formaður, Björg Bjarnadóttir, f. kennara, Jón Torfi Jónasson f. háskóla, Gunnar Gíslason, f. Samb. sveitarfél., Svanhildur María Ólafsdóttir, f. stjórnenda

Forföll boðaði Ársæll Guðmundsson, f. MMR

1. Form. bauð meðlimi stýrihóps velkomna til starfa og minnti á hlutverk fagráðsins

- Fagráðið er sameiginlegur vettvangur hagsmunaaðila sem greinir þarfir skólasamfélagsins, miðlar upplýsingum og setur fram hugmyndir sínar um stefnu varðandi símenntun og starfsþróun kennara.
- Fagráð tryggir að hagsmunaaðilar hafi samráð um áherslur í starfsþróun kennarastéttarinnar.
- Ráðið verður leiðandi í umræðu um þróun og stefnumótun um símenntun og starfsþróun og setur fram stefnu sína og hugmyndir að nýjum áherslum og leiðum.
- Ráðið leitar upplýsinga um helstu straua og stefnur varðandi þessi mál sem víðast og miðlar upplýsingum um það til skólasamfélagsins til dæmis á ráðstefnum, fræðslufundum og málþingum.
- Fagráð aflar upplýsinga um þörf fyrir símenntun til dæmis með samræðu hagsmunaaðila og miðlar framboði á símenntun og starfsþróun kennara á upplýsingaveitu.

Á vegum fagráðs geta vinnuhópar starfað að ákveðnum málefnum. Ráðið getur tengst sambærilegum aðilum erlendis sem vinna að svipuðum málefnum.

Stýrihópurinn verður fagráðinu til fulltingis. Nauðsynlegt er að hafa starfsmann sem heldur utan um vinnu fagráðs og stýrihóps í samræmi við erindisbréf og starfslýsingu sem samin verða.

2. Í almennri umræðu um viðfangsefni fagráðsins og stýrihópsins kom m.a. fram:

Byggja þarf á vinnu fyrri starfshópa.

Gera þarf könnun á stöðu starfsþróunar, afla upplýsinga og greina þarfir.

Í hlutverki ráðsins og stefnumótun felst e.k. kerfisbinding starfsþróunar.

Ræða þarf skilgreiningu á starfsþróun og símenntun, en líklega verður slík skilgreining aldrei endanleg.

Mikilvægt er að leggja áherslu á móttöku nýliða í kennslu, leiðsögn og stuðning.

Finna þarf fjármagn í símenntun leikskólakennara.

Vinna þarf að starfsþróun skólastjórnenda

Vinna áfram að gerð símenntunarvefs og stofnun upplýsingaveitu. Setja nýja ritstjórn.

Setja saman verkefnaskrá og forgangsraða verkefnum. Setja langtímamarkmið og vörður til skemmri tíma.

Ráða þarf starfsmann fagráðsins sem fyrst. Ákveðið að ræða það sérstaklega á næsta fundi.

3. Næsti fundur er boðaður fimmtud. 30. maí kl. 14- 15:30

SM.